

Ár 1988, miðvikudaginn 31. ágúst var í málinu nr. 4/1988 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R:

Málavextir eru þeir að með bréfi dags. 30. maí 1988 skaut sveitarstjórinn í Reyðarfjarðarhreppi til Yfirfasteignamatsnefndar ágreiningi varðandi álagningu fasteignaskatts á húseignina nr. 9 við Brekkugötu í Reyðarfjarðarhreppi í eigu Verkalýðsfélags Reyðarfjarðar (SFR).

Í bréfi sveitarstjórans kemur fram að með bréfi dags. 30. mars s.l. fari Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar fram á lækun fasteignagjalda af húseign félagsins á Reyðarfirði, en á það hefur verið lagður fasteignaskattur skv. b lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Húseign þessi Brekkugata 9, Reyðarfirði sé 80 m² timburhús. Húsið sé að mestu einn fundarsalur auk skrifstofuherbergis og snyrtingar. Auk þess að hýsa skrifstofu félagsins hafi húsið mest verið notað fyrir fundi þess, en þó leigt nokkuð út, en mjög minnkandi síðustu misseri.

Hreppsnefnd telur sig ekki geta fundið beina samsvörun í lögum hvorki að flokka húsið skv. 5. grein sem "félagsheimili eða samkomuhús sem ekki eru rekin í ágóðaskyni" og því að vera undanþegið fasteignaskatti né heldur skv. síðustu málsgreininni þ.e. til viðurkenndrar tórstundaiðju.

Hreppsnefndin hafi því ákveðið að óska eftir úrskurði Yfirfasteignamatsnefndar til að fá úr flokkun húss sem þessa skorið og gjaldskyldu.

Með bréfum dagsettum 10. júní og 2. ágúst 1988 óskaði Yfirfasteignamatsnefnd umsagnar SFR um erindi Reyðarfjarðarhrepps svo og upplýsinga um starfsemi félagsins og notkun hússins að Brekkugötu 9.

Með svarbréfi SFR fylgdu lög félagsins og í því kemur einnig fram að félagið er alfarið í forsvari fyrir félagsmenn sína í kaupgjalds- og öðrum hagsmunamálum félaganna og fullgildur aðili að heildarsamtökum verkalýðsins á Austurlandi og á landsvísu.

Hvað varðar húseignina að Brekkugötu 9 þá staðfestir formaður SFR það sem fram kemur í framangreindu bréfi sveitarstjórans.

Í bréfi SFR kemur einnig fram að félagið á 16,3 % hlut í félagsheimili stáðarins Félagslundu.


Af framansögðu verður eigi séð að húseignin Brekkugata 9 geti fallið undir undanþáguákvæði 5. gr. l. nr. 73/1980 um undanþágu af fasteignaskatti.


Samkvæmt ofangreindri notkun hússins getur eignin heldur ekki fallið undir ákvæði 3. gr. 3. tölul. laga. Í þessu tilliti ber því að flokka eignina með "öðrum fasteignum" og skattleggja samkv. b. lið 3. gr. l. nr. 73/1980.

ÚRSKURÐARORÐ:

Á húseignina nr.9 við Brekkugötu í Reyðarfjarðarhreppi ber að leggja
fasteignaskatt samkvæmt ákvaði b.liðs 3.gr.1. nr.73/1980.


Pétur Stefánsson


Guðmundur Magnússon


Árni Stefánsson